



# Minnisblað

Svæði fyrir hestaíþróttir á Djúpavogi

Múlaþing, 12. september 2022  
númer erindis 202110214-09.2.0

Endurskoðað 1. nóvember 2022

Móttakandi: Heimastjórn Djúpavog  
Unnið af: Sigurður Jónsson, skipulagsfulltrúi

Heimastjórn Djúpavogs samþykkti á fundi sínum 2. maí 2022 að fela starfsmönnum umhverfis- og framkvæmdasviðs Múlaþings að taka saman lista yfir mögulegar staðsetningar fyrir uppbyggingu hestaíþróttasvæðis á Djúpavogi. Jafnframt skyldi listinn innihalda samantekt á kostum og göllum hvers staðar fyrir sig svo hægt væri að leggja mat á svæðin með fyrirhugaða uppbyggingu í huga.

Umhverfis- og framkvæmdaráð hafði áður fjallað um erindi hestamannafélagsins Glampa og í kjölfar kynningar frá forsvarsaðilum þess samþykkti ráðið eftirfarandi bókun á fundi þann 30. mars 2022:

*Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur að fjalla um erindi frá hestamannafélaginu Glampa sem kynnt var á síðasta fundi ráðsins. Skipulagsfulltrúi situr fundinn undir þessum lið.*

*Eftirfarandi tillaga lögð fram:*

*Umhverfis- og framkvæmdaráð þakkar fyrir kynningu frá forsvarsfólki hestamannafélagsins Glampa og fagnar hugmyndum um uppbyggingu hestasvæðis á Djúpavogi. Ráðið telur þó að umbeðið svæði í Bóndavörðulág henti ekki undir starfseminu einkum vegna nálægðar við núverandi og mögulega fyrirhugaða íbúðabyggð. Jafnframt telur ráðið að uppbygging mannvirkja í Loftskjólum kalli á víðtækari umræðu um framtíðarnýtingu Búlandsness og er ekki reiðubúið að leggja til uppbyggingu þar á þessum tímapunkti. Ráðið lýsir sig reiðubúið til frekari samvinnu með hestamannafélaginu Glampa og heimastjórn Djúpavogs til þess að finna ákjósanlegt svæði fyrir starfsemi félagsins og verði einkum horft til svæðisins suðvestan við þéttbýlið.*

*Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.*

Í eftirfarandi samantekt er einkum horft til þriggja kosta, þ.e. Grænahraun, Bláin og Bóndavörðulág. Í ljósi umræðu á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs er litið svo á að ekki sé vænlegt að skoða svæði lengra út á nesinu eins og Loftskjólin og heldur ekki svæði inni í þorpinu, þar sem í dag er stundaður frístundabúskapur. Hér á eftir eru rakin helstu atriði sem horfa þarf til varðandi breytingu á aðalskipulagi og einnig farið yfir nokkur atriði varðandi aðstæður á hverjum stað.

## Múlaþing

Lyngási 12, 700 Egilsstaðir  
Sími: 4 700 700  
mulathing@mulathing.is  
mulathing.is



## Grænahraun

### Skipulag

- Gera þarf breytingu á aðalskipulagi.
- Svæðið er í jaðri skógræktarsvæðis samkvæmt sveitarfélagsupprætti sem hægt væri að aðlaga.
- Á svæðinu er efnislosunarsvæði sem gæti þurft að flytja annað.
- Á svæðinu er skilgreint akstursípróttasvæði sem þyrfti að finna stað fyrir annars staðar í aðalskipulaginu.

### Staðsetning og tengingar

- Svæðið er í um 1.5 km fjarlægð frá miðju þéttbýlisins
- Leggja þarf um 1 km langan veg að fyrirhuguðu hestaípróttasvæði sem vinna þarf í samráði við Vegagerðina og hagsmunaaðila.

### Annað

- Svæðið er stórt en að hluta til votlendi (fellur þó ekki undir vernd skv. 61. gr. náttúruverndarlaga). Gera þarf ráð fyrir talsverðri jarðvinnu við svæðið og gerð reiðleiða.

## Bláin

### Skipulag

- Gera þarf breytingu á aðalskipulagi.
- Á svæðinu er hverfisvernd sem taka þarf tillit til.
- Líklega þarf að gera breytingu á þéttbýlismörkum aðalskipulagsins.
- Svæðið er í jaðri ípróttasvæðis sem hægt væri að aðlaga.
- Á svæðinu er búið að endurheimta votlendi. Í skipulagsbreytingu þarf að gera grein fyrir mótvægisáðgerðum þ.e. endurheimt votlendis annars staðar á móti ef þetta svæði verður fyrir valinu og rökstyðja þörfina á því að raska endurheimtu votlendi.

### Staðsetning og tengingar


- Svæðið er í framhaldi af skipulögðu ípróttasvæði og tenging við gatnakerfi tengist aðlögun að því.
- Möguleiki á samlegð og samnýtingu á húsnæði ípróttafélagsins.
- Svæðið er nálægt þéttbýlinu.

### Annað

- Svæðið er blautt. Gera þarf ráð fyrir talsverðri jarðvinnu við svæðið og gerð reiðleiða.
- Töluvert af minjum, sérstaklega á flötinni milli kirkju og ípróttasvæðis.

#### Múlaþing

Lyngási 12, 700 Egilsstaðir  
Sími: 4 700 700  
mulathing@mulathing.is  
mulathing.is



Mynd 1. Skráðar minjar sýndar með appelsínugulu hringtákn.

## Bóndavörðulag

### Skipulag

- Gera þarf breytingu á aðalskipulagi.
- Á svæðinu er hverfisvernd sem taka þarf tillit til.
- Þarf að gera breytingu á þéttbýlismörkum aðalskipulagsins.
- Eftirfarandi kemur fram í kafla 5.10.3 í greinargerð Aðalskipulags Djúpavogshrepps sem ber heitið Hverfisvernd:

*„**Bóndavarða.** Á Bóndavörðu er útsýnisskífa og þaðan er mjög gott útsýni til fjalla og út yfir eyjar og sund. Bóndavarða á sér einnig merka sögu en þaðan var gjarnan fylgst með skipum og bátum og er svo enn. Umhverfi Bóndavörðu er sérstakt og í stíl við aðrar fallagar klettastir og strýtur á svæðinu. Gerð er tillaga um að varðan verði hverfisvernduð sem útsýnisstaður og náttúrufyribæri og henni má ekki spilla með jarðraski, trjágróðri eða öðru því sem getur valdið sjónrænni mengun.“*

### Staðsetning og tengingar

- Á svæðinu er vegslóði og tenging við gatnakerfi verður tenging við hann.
- Svæðið er fremur lítið og stækkunarmöguleikar takmarkaðir.
- Möguleiki á samlegð og samnýtingu á húsnæði hestaþróttafélagsins með öðrum.
- Svæðið er nálægt þéttbýlinu.

### Annað

- Svæðið er mólendi. Gera má ráð fyrir að jarðvinna við svæði og reiðleiðir verði í lágmarki.

#### Múlathing


Lyngási 12, 700 Egilsstaðir  
Sími: 4 700 700  
mulathing@mulathing.is  
mulathing.is



## Samantekt

Almennt má segja að þessi svæði gætu öll komið greina til uppbyggingar fyrir hestaþróttir en henti þó misvel af ýmsum ástæðum.

Uppbygging á svæðinu við Grænahraun yrði kostnaðarsamasta lausnin með tilliti til vega- og stígagerðar en leggja þarf nýjan veg að svæðinu auk þess sem þangað yrði um 20 til 30 mín löng ganga fyrir börn frá þorpinu. Jafnframt yrði tenging við reiðleiðir út á sanda nokkuð kostnaðarsöm enda lengra frá þeim en hinum svæðunum.




Mynd 2. Dreifbýlisuppráttur aðalskipulags.

Uppbygging á svæðinu við íþróttamannvirkin á Blánni er í betri tengingu við þéttbýlið og ætti í fljótu bragði að geta átt vel heima á því svæði. Endurheimta þarf votlendi á mótí því sem er þurrkað og kostnaður sem af því hlýst þó nokkur auk þess sem jarðvinna á svæðinu er kostnaðarsöm vegna dýptar. Gerð reiðleiða í átt að söndunum er hagstæðari en frá Grænahrauni. Við breytingu á aðalskipulagi þarf að rökstyðja vel þá ákvörðun að fórna votlendi.

Svæðið í Bóndavörðuláginni er hagstæðara hvað varðar reiðleiðir og undirlag ásamt því að liggja vel við tengingu við gatnakerfið og reiðleiðir út á sanda. Það er hins vegar takmarkað varðandi frekari stækkun auk þess sem uppbygging á svæðinu þarf að taka mið af gildandi hverfisvernd.

Svæðin á Blánni og í Bóndavörðuláginni eru nálægt þéttbýlinu og eru mörg dæmi um að slík svæði séu í mikilli nálægt við þéttbýli á landinu þar sem byggð hefur þróast að að slíkum svæðum með tímanum. Dæmi eru um að byggt sé allt í kring um slík svæði sem er auðvitað takmarkandi. Einnig eru dæmi um að hestaþróttasvæði hafi verið flutt vegna þess að þau eru fyrir þróun íbúðabyggingar og þurfa líka að eiga frekari stækkunarmöguleika.



Mynd 3. Þéttbýlissuppdráttur aðalskipulags.

Líta þarf vel til þátta eins og í hvaða átt er æskilegt að þéttbýlið þróist í framtíðinni og hvar verður þungamiðjan? Næst miðbænum, íþróttasvæðinu eða heilbrigðis- og menntastofnunum? Jafnframt þarf að horfa til þeirra markmiða sem sett eru fram í aðalskipulagi varðandi hverfisvernd en öll þessara svæða eru innan verndarsvæða eða í jaðri þeirra.



Mynd 4. Hvert mun þéttbýlið þróast?